SIGRÚN HARÐARDÓTTIR MYNDLISTARKONA:

Þetta er köllun

- og einn daginn verður maður að hlýða

„Það má segja að lífið í kring um mig og mitt eigið líf sé mjög ríkjandi í verkum mínum og hafi alltaf verið. Ég reyni að kafa mjög djúpt niður í tilfinningalíf og tjáningu — og túlka það," segir Sigrún Harðardóttir, myndlistarkona, sem opnar sýningu á verkum sínum í Gallerí Nýhöfn við Hafnarstræti í dag. Á sýningunni er Sigrún með olíumálverk og þurrkrítarmyndir. Hún er fædd og uppalin í Reykjavík, nánar tiltekið í vesturbænum. Gekk þar í Melaskóla og Hagaskóla og „lærði síðan tækniteiknun og starfaði við það í tvö ár," segir hún. „Ég held að við séum nokkuð mörg sem höfum farið þá leið til að fá starfsréttindi, því myndlist hefur varla verið talin fullgild atvinnugrein. En fyrr eða síðar lendir maður í myndlistinni. Þetta er eins og köllun. Maður kemst ekki hjá því að hlýða.

Ég hafði málað frá því ég var tólf ára og teiknað mikið. Í rauninni kom aldrei neitt annað til greina hjá mér. En ég þráaðist við og var orðin nokkuð gömul þegar ég fór út í þetta árið 1978. Ég hafði þá verið að kenna grunnteikningu í Grundarfirði í tvö ár og hafði þar tíma til að vinna að myndlist. Þegar ég hóf svo nám í Myndlistaskólanum var ég orðin móðir, með tveggja ára gamla dóttur. Það er dálítið skrýtið, en það er mjög algengt að fólk hefji ekki myndlistarnám fyrr en eftir að það hefur eignast barn. Það er einhvern veginn svo að maður gat ekki leyft sér að fara út í þetta nám fyrr en maður hafði sannað fyrir fjölskyldu sinni og sjálfum sér að maður gæti staðið á eigin fótum. Ég vildi fara í myndlist þegar ég var 16 ára, en það kom ekki til greina. Ég fór í tækniteiknun sem málamiðlun. Þar fékk ég þó að teikna. En þegar maður hefur sannað að maður getur staðið á eigin fótum getur maður gert það sem mann langar til.

Ég var reyndar gift þegar ég hóf námið í Myndlistaskólanum, en skildi meðan á því stóð. Ætli það sé ekki erfitt að vera giftur myndlistarmanni."

Ertu að segja að þú hafir fórnað hjónabandinu fyrir listina?

„Það má eiginlega segja það. Og þó. Maður fórnar engu, ef ekki eru fyrir brestir í hjónabandinu. Ég hafði fylgt manni mínum til Grundarfjarðar og fannst komin röðin að mér. En það er sjaldan reiknað með að konur framfylgi því sem þær vilja gera. Ég var komin út í þetta, sem hafði blundað í mér svo lengi, og það varð ekki aftur snúið.

Þetta með fórnina... Veistu, það mundi aldrei vera álitið að karlmaður sem gerði þetta fórnaði hjónabandinu — það er alveg á hreinu. Enda er það nú svo að þegar giftir karlmenn fara út í myndlist og til útlanda til framhaldsnáms, þá fylgja konurnar þeim yfirleitt. Fara með þótt þær hafi lítið við að vera og hundleiðist flestum.

Við lifum á skrýtnum tímum. Staða konunnar hefur verið að breytast mikið síðastliðin 10-15 árin. Ég held að í dag sé konan ekkert of viss um hvar hún stendur og karlmenn er mjög seinir að átta sig. En við erum öll einstaklingar og þetta litla þjóðfélag þarf á hæfileikum allra einstaklinga sinna að halda. Því finnst mér að hvorki konan né karlmaðurinn eigi að víkja fyrir hinu — heldur á hver einstaklingur að fylgja sínni sannfærinu. Alveg skilyrðislaust. Best væri ef fólk gæti samræmt hugmyndir sínar til náms eða starfs. Það gerist líka örugglega í mörgum tilfellum.

Hingað til höfum við verið alin upp í því að annar aðilinn eigi að vera víkjandi. Þess vegna held ég að fólk sé mjög áttavilt núna. En við skulum vona að breytingin taki ekki meira en eina kynslóð.

Ég get sagt þér eina sögu, sem dæmi um viðhorf ungra manna til kvenna: Ég fór árið 1982 til Hollands, til framhaldsnáms. Við vorum sex Íslendingar við nám í Ríkisakademíunni — ég var eina konan — og einstæð móðir í ofanálag. Svo kom það fyrir mig að lærbrotna tveimur mánuðum áður en ég átti að halda sýningu. Þegar ég kom af sjúkrahúsinu, eftir hálfs mánaðar dvöl, hélt ég áfram að mála — hékk einhvern veginn á hækjunni og notaði kústskaft til að ná yfir flötinn, því ég var að mála feykilega stór verk. Þá fékk ég stöðugt þau góðu ráð frá þessum kollegum mínum — aðallega tveimur — að ég skyldi bara láta mér þetta að kenningu verða og koma mér heim, ég gæti alltaf dundað mér við vatnslitamyndir. Þetta fannst mér sérkennilegt viðhorf hjá ungum myndlistarmönnum.

Þó er þetta viðhorf mjög gott



Sigrún Harðardóttir við undirbúning



Sigurlaug Jóhannesdóttir og Anna Þora Karlsdóttir textíllistamenn við verk Sigurlaugar, Stiklur.

Júlíus

SAARILLA:

„Stórt

Fyrst er staldrað við verk Svíanna, Kajsu af Petersen og Gun Dahlquist. „Þær eru mjög ólíkar," segir Sigurlaug, „Gun sýnir hefðbundin útsaumsverk en Kajsa fer aðra leið. Hún notar tilbúin hlut, net, sem undirlag í verkið og spinnur útfrá því. Þetta er síðan hengt upp í loft, ekki á vegg, og lýsingin skiptir miklu máli svo verkið fái að njóta sín."

„Það vill þannig til að listamennirnir frá bæði Danmörku og Noregi sýna hér hefðbundinn listvefnað. Hefðbundinn í þeim skilningi að allar fjórar sýna þær veggteppi, þó myndrænar úrlausnir þeirra á viðfangsefninu séu ólíkar," segir Anna Þóra. „Þá vill svo skemmtilega til að Nanna Hertoft frá Danmörku sýnir verk unnin úr jurtalitaðri ull og íslensku hrosshári," segir Anna Þóra. Verk Margrethe Agger frá